

Reglur um notkun á “fánaröndinni” sem er skráð félagamerki í eigu Sambands garðyrkjubænda

Almennt

1. gr.

Fánaröndin er skráð félagamerki í eigu Sambands garðyrkjubænda. Fánaröndin er myndmerki í lit samanber eftirfarandi mynd:



2. gr.

Aðilum að Sambandi garðyrkjubænda (hér eftir nefnt SG) er heimilt að nota fánaröndina til auðkenningar á framleiðslu sinni að uppfylltum þeim skilyrðum sem koma fram í þessum reglum. Aðilar að SG eru allir framleiðendur garðyrkjuafurða sem greiða búnaðargjald til SG. Aðildarfélag SG eru Félag blómaframleiðenda, Félag garðplöntuframleiðenda, Félag grænmetisframleiðenda og Landssamband kartöflubænda.

3. gr.

Fánaröndin er ætluð til auðkenningar á vörum sem framleiddar eru af aðilum að SG, hagsmunafélagi framleiðenda garðyrkjuafurða í landinu. Tilgangur merkisins er að tryggja gagnvart neytendum að um íslenskt ræktaða vöru sé að ræða samkvæmt skilgreiningu SG á íslenskum garðyrkjuafurðum.

Hverjum er heimilt að nota fánaröndina

4. gr.

Fullgildum aðilum að SG er heimilt að nota fánaröndina til auðkenningar á framleiðslu sinni. Fullgildir aðilar eru þeir sem greiða búnaðargjald til SG. Forsvarsmönnum SG er heimilt að nota fánaröndina í auglýsingum og kynningarefni til hagsbóta fyrir félagsmenn sína.

5. gr.

Hætti framleiðandi að greiða búnaðargjald til Sambands garðyrkjubænda eða falli aðild hans niður af einhverjum sökum, fellur jafnframt niður réttur viðkomandi til að nota fánaröndina á framleiðslu sína.

Fyrir hvað má nota fánaröndina

6. gr.

Fánaröndina má einungis nota á afurðir sem eru íslensk ræktun og falla undir eftirfarandi skilgreiningar SG:

Íslensk blóm:

Íslensk blóm eru afskorin blóm og stofublóm sem ræktuð eru á Íslandi af fræjum, laukum, hnyðum og órótuðum græðlingum. Einnig af rótuðum græðlingum sem hafa vaxið á Íslandi í a.m.k. 2 mánuði og voru fluttir inn í pottum að hámarksstærð 6 cm.

Afskorin blóm í samsettum blómvöndum eru íslensk blóm ef vöndurinn er að öllu leyti íslensk ræktun skv. ofangreindu. Blómvöndur sem merktur er íslensk blóm má að hámarki innihalda fylliefni (skv. tollnr. 0604: „ Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt“) sem nemur 10% af heildsöluverðmæti vandarins.

Að öðru leyti vísast í skilgreininga tollayfirvalda hvað þetta varðar.

Íslenskar garðplöntur

Íslenskar garðplöntur eru:

- Trjáplöntur og fjölær garðblóm sem hafa verið í ræktun á Íslandi í a.m.k. 1 ár. Auk þess öll fjölær garðblóm ræktuð upp af fræi, græðlingum eða af smáplöntum.
- Sumarblóm og matjurtir ræktuð á Íslandi af fræi eða græðlingum. Plöntur af smáplöntum má merkja sem íslenskar garðplöntur þegar þær hafa vaxið á Íslandi í 2 mánuði. Smáplöntur teljast rótaðar unglöntur í hólfum að hámarki 4 cm.

Íslenskt grænmeti

Íslenskt grænmeti er grænmeti, sveppir og krydd sem ræktað er upp af fræi/grói á Íslandi.

Íslensk jarðarber eru jarðarber af plöntum ræktuðum á Íslandi af smáplöntum eða órótuðum græðlingum.

Íslenskar kartöflur

Íslenskar kartöflur eru þær kartöflur sem ræktaðar hafa verið í íslenskum jarðvegi í eitt sumar.

7. gr.

Fánaröndina má auk skilyrðanna í 6. gr. eingöngu nota á vöru sem uppfyllir almennar gæðakröfur. Við mat á því hvað eru almennar gæðakröfur skal líta til flokkunarreglna aðildarfélaganna séu þær til fyrir viðkomandi vöru. Ef ekki eru til flokkunarreglur fyrir þær vörur sem um ræðir skal miða við almennar gæðakröfur í þeim anda sem einkennir þær flokkunareglur sem til eru fyrir annars konar vörur framleiddar af einu af aðildarfélagunum eins og kostur er. Að öðrum kosti skal miða við það sem almennt eru talin fullnægjandi gæði á þeim markaði sem um ræðir.

Hvernig má nota fánaröndina – eftirlit með notkun

8. gr.

Fánaröndina verður að nota í samræmi við hjálagðar leiðbeiningar um notkun merkisins (fylgiskjal nr. 1). Í leiðbeiningunum er m.a. tekið fram hvernig nota má merkið í samhengi við önnur merki, hvernig fara skuli með stærðarhlutföll í merkinu við ólíka notkun, hvernig merkið skuli notað í samhengi við texta, hvar merkið skuli staðsett á pakkningum / í auglýsingum svo dæmi séu nefnd.

Komi upp vafi um rétta notkun skal SG skera úr um hvernig rétt sé að nota merkið. SG má hafa samráð við auglýsingastofuna Fiton við þetta mat.

9. gr.

Umbúðir þær sem fánaröndin er notuð á mega ekki innihalda aðrar merkingar sem geta gefið misvísandi upplýsingar um uppruna vörunnar, til dæmis upplýsingar sem gefa til kynna að varan sé ekki frá Íslandi. Misvísandi upplýsingar um uppruna vöru geta m.a. verið umbúðir sem eru með texta á erlendu tungumáli.

Þó má nota latneskt fræðiheiti á umbúðir plöntu með fánaröndinni, svo fremi að íslenskt heiti hennar standi með, með stærra og greinilegra letri en það latneska.

10. gr.

SG ber almennt að hafa eftirlit með því að aðilar þess viðhafi rétta notkun merkisins. SG getur gert samning við hóp framleiðenda um notkun merkisins og getur með sama samningi framselt eftirlitsvald sitt til forsvarsmanna þess hóps. Forsvarsmenn þess hóps öðlast þá sama rétt og SG til að hafa eftirlit með notkun merkisins samkvæmt reglum þessum og bera einnig sömu skyldur. Komi upp mál er varða óréttmæta notkun ber forsvarsmönnum viðkomandi hópa aftur á móti að hafa samráð við SG um rekstur slíkra mála til að tryggja jafnræði við aðra aðila SG.

11. gr.

Áður en notkun á fánaröndinni hefst skal ávallt senda endanlegt útlit til SG, eða forsvarsmanna hóps framleiðenda sem hafa gert heildarsamning um notkun sbr. 8. gr., sem skal samþykkja notkunina og útfærslu merkisins. Notkun merkisins má ekki hefjast fyrr en samþykki hefur borist.

Skrá um notkun merkisins

12. gr.

Sambandi Garðyrkjubænda ber að halda skrá yfir alla notendur merkisins. Ef tilkynning berst sambandinu um nýja notkun ber sambandinu að athuga hvort um nýjan notanda sé að ræða og ef svo er þarf að bæta þeim aðila á skrána og fara fram á að hann undirriti eintak af þessum reglum og gangist þar með undir að fara eftir þeim í hvívetna. Hafi SG framselt eftirlitsvald sitt til ákveðins hóps framleiðenda sbr. 8. gr. ber forsvarsmönnum þeirra framleiðenda að halda sambærilega skrá um notkun merkisins. Þeim ber einnig að tilkynna SG um nýja notendur eða notendur sem hætta til að SG sé unnt að halda úti heildarskrá um alla notendur merkisins.

13. gr.

Skrá um notendur merkisins skal vera aðgengileg öllum aðilum SG.

Notkun merkisins hætt

14. gr.

Taki aðili sem notað hefur merkið ákvörðun um að hætta framleiðslu eða af einhverjum sökum að hætta notkun merkisins skal hann tilkynna slíkt til SG eða forsvarsmanna hóps sem tekið hefur að sér eftirlitsvald sbr. 8. gr. Í kjölfar slíkrar tilkynningar skal SG taka viðkomandi aðila af skránni um notendur merkisins.

Óréttmæt notkun merkisins

15. gr.

Óheimilt er að nota fánarönd SG sé notkunin ekki í samræmi við reglur þessar.

16. gr.

Verði einhver aðili í SG var við ólögmeða notkun merkisins ber honum að tilkynna SG um slíka notkun án tafar.

17. gr.

Leiki grunur á óréttmætri notkun merkisins ber SG að leita allra leiða til að afla upplýsinga um notkunina og ef rétt reynist koma í veg fyrir ólögmeða notkun merkisins með öllum mögulegum leiðum.

18. gr.

SG hefur fullt og ótakmarkað vald til að skera úr um hvað teljist óréttmæt notkun merkisins. Sambandið hefur einnig fullt og ótakmarkað vald til að reka mál út af ólögmeðri notkun merkisins og taka ákvarðanir um framgang slíkra mála. SG skal í slíkum málum ávallt hafa að leiðarljósi að standa vörð um hagsmuni sinna félagsmanna og tilgang merkisins að auðkenna íslenska framleiðslu sinna aðildarfélaga sem uppfyllir að öðru leyti skilyrði fyrir notkun merkisins.

Viðurlög við óréttmætri notkun merkisins

19. gr.

Verði aðili uppvís að ólögmeðri notkun merkisins og bæti hann ekki úr innan þeirra tímamarka sem SG setur honum í þeim efnunum, fyrirgerir hann öllum rétti sínum til frekari notkunar á fánaröndinni í tengslum við framleiðslu sína.

20. gr.

Að öðru leyti mun SG reka mál og krefjast viðurlaga vegna brota á merkinu í samræmi við ákvæði þar að lútandi í Lögum um Félagamerki nr. 155/2002 og Lögum um Vörumerki nr. 45/1997 þar sem það á við.

Breytingar á reglum þessum

21. gr.

SG hefur fullt og óskorað vald til að gera breytingar á reglum þessum um notkun fánarandarinnar. SG mun kynna allar fyrirhugaðar breytingar á reglum þessum fyrir félagsmönnum sínum með nægilegum fyrirvara til að félagsmenn geti tileinkað sér breytingarnar áður en þær taka gildi.

Með undirritun þessari samþykki ég að framfylgja þessum reglum í hvívetna og nota fánaröndina einungis á þann veg að hún nái tilgangi sínum og notkunin rýri ekki orðspor hennar á neinn hátt.

Staður og dagsetning

Undirskrift

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:
